

Fimmtudaginn 20. nóvember 1997.

Nr. 276/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóhannesi Sigurði Ólafssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Fiskveiðar. Sjávaraflí.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. júní 1997 að ósk ákærða. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður og allur sakarkostnaður lagður á ríkissjóð. Til vara er þess krafist, að ákærða verði ekki gerð refsing eða honum einungis dæmd vægasta skilorðsbundin refsing, sem lög leyfi.

Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Tildrögum málsins er lýst í héraðsdómi. Ekki er ágreiningur um þau að öðru leyti en því, hvort um hafi verið að ræða svonefndan undirmálsfisk, eins og haldið hefur verið fram af hálfu ákærða við meðferð málsins fyrir dómi. Ekkert kemur fram um þetta í skýrslum veiðieftirlitsmanns 30. október og 6. nóvember 1996, en fyrrnefndu skýrsluna staðfesti ákærði með undirskrift sinni. Þá getur ákærði þessa ekki heldur í skýrslu sinni hjá lögreglu 21. nóvember 1996. Eins og málið liggur fyrir, er ekki unnt að leggja til grundvallar við verðmætamat, að um undirmálsfisk einn hafi verið að ræða. Þá er þess jafnframt að gæta, að lög standa ekki til þess, að slíkt fiskifang sé undanþegið fyrirmælum laga um vigtun sjávarafla.

Ákærði telur þetta mál aðallega snúast um það, hvort þeim, sem fengið hefur úthlutað aflaheimildum í atvinnuskyni, sé þar með meinað að veiða sér og sínum í soðið utan þessara heimilda, eins og venja sé til meðal sjómanna og mönnum almennt heimilt. Á þetta verður ekki fallist. Ákærði skaut undan vigt 170 kg af ýsu, um þriðjungi þess afla, sem hann landaði úr veiðiferðinni 30. október 1996. Það er langt umfram það magn, sem unnt er að fella undir þá skilgreiningu að vera soðning ákærða og fjölskyldu hans, og þá skiptir

engu, þótt ákærði hafi sjaldan tekið sér í soðið, eins og hann lýsti fyrir héraðsdómi.

Með hliðsjón af framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms er fallist á sakarmat dómsins. Telst brot ákærða réttilega fært til refsíákvæða í lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, sbr. reglugerð nr. 618/1994 um vigtun sjávaraflla, sem nú á stoð í þeim lögum. Í 1. mgr. 23. gr. laganna segir, að brot gegn ákvæðum þeirra og reglum settum samkvæmt þeim varði sektum, hvort sem þau séu framin af ásetningi eða gáleysi. Í 2. mgr. segir, að við fyrsta brot skuli sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 krónum og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 króna eftir eðli og umfangi brots. Er þetta sams konar refsiramma og nú er í 20. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sbr. 27. gr. laga nr. 57/1996, en með 31. gr. síðastnefndra laga var 16. gr. fyrrnefndu laganna um vigtun og skráningu afla felld úr gildi. Verður ekki talið, að heimild sé til þess að lögum að færa refsingu niður úr refsilágmarki 23. gr. laga nr. 57/1996, enda geta ákvæði 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ekki átt við, eins og atvikum málsins er háttað. Samkvæmt því verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um refsingu ákærða.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður ekki raskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jóhannes Sigurður Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 5. júní 1997.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. maí sl. að loknum munnlegum málflutningi er höfðað fyrir dóminum með svofelldu ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. febrúar 1997, á hendur „... Jóhannesi Sigurði Ólafssyni, Bjarkargrund 8, Akranesi, fæddum 18. september 1948, fæðingarnúmer 309,

fyrir brot á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og reglugerð um vigtun sjávarafila nr. 618/1994 með því að hafa miðvikudaginn 30. október 1996, þegar afla var landað á Akranesi úr skipi ákærða, m/b Hrólfi, AK-29, skipaskrárnúmer 1092, sem ákærði var skipstjóri á, skotið einu kari með 170 kg af ýsu undan vigt á hafnarvoginni í þeim tilgangi að komast hjá því, að sá afli skipsins reiknaðist með réttum hætti til aflamarks, en ákærði ók sjálfur þessum afla í fiskvinnslu sína að Ægisbraut 29 á bifreið sinni, EX-989.

Telst þetta varða við 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. og 10. gr., sbr. 23. gr. nefndra laga nr. 57/1996, 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 39. gr. nefndrar reglugerðar nr. 618/1994, sbr. 20. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, sbr. 27. gr. laga nr. 57/1996.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Sækjandi krafðist þess enn fremur, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. á m. saksóknarlauna til ríkissjóðs.

Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist aðallega, að ákærði verði sýknaður af refsikröfu og sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, til vara, komi til sakfellingar, að ákærða verði ekki gerð refsing eða honum einungis dæmd vægasta skilorðsbundna refsing, sem lög frekast heimila.

II.

Mál þetta var þingfest 20. mars 1997. Í því þinghaldi neitaði ákærði að tjá sig um sakarefnið, og var óskað eftir af hans hálfu, að fram færi aðalmeðferð í málinu. Við upphaf aðalmeðferðar játaði ákærði þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, og af hálfu sakarflytjenda var ekki óskað eftir frekari skýrslugjöf fyrir dómi. Ákærði kvaðst hafa umrætt sinn verið búinn að landa afla bátsins á markað, en fiskurinn, sem hann hefði tekið til eigin nota, hefði verið mjög lélegur og ákærði því verið að reyna að nýta fiskinn. Ákærði kvaðst hafa ekið umræddum afla í fiskvinnsluhús sitt til þess að vinna þar fiskinn, sem hefði verið netafiskur, og nýtingin verið um 30%.

Af hálfu ákærða hefur því verið haldið fram, að háttsemi sín sé ekki refsiverð, heldur hafi hann einungis verið að taka sér hluta af aflanum í soðið handa sér og fjölskyldu sinni, eins og venja sé til meðal sjómanna. Kvaðst ákærði vera vanur að taka sér af afla skipsins eitthvað í soðið, en ekki hafa tekið fyrr svo mikið í einu. Í lögum sé ekki að finna ákvæði, sem banni sér beinlínis að veiða sér í soðið án þess að ganga á úthlutaðan kvóta skipsins. Pennan vafa beri að túlka ákærða í hag samkvæmt lögskýringarreglum í refsirétti og með hliðsjón af þeirri venju, sem stofnast hafi meðal

sjómanna. Í þessu sambandi er af hálfu ákærða einnig vísað til 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 sbr. og 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, og 2. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948, sbr. og 4. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Komi til sakfellingar, beri auk framanritaðs að hafa í huga, að verðmæti þess hluta aflans, sem ákærði skaut undan vigt, sé ekki mikið, rétt rúmlega 7.000 krónur eftir vinnslu hans. Því beri að beita sjónarmiðum almennra hegningarlaga um refsilækkun.

Ákærði stundar veiðar í atvinnuskyni. Í þessari veiðiferð veiddi ákærði 558 kg af fiski, en skaut undan vigt tæplega $\frac{1}{3}$ hluta aflans, 170 kg, með þeim hætti, sem áður er rakinn.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 skal allur afli veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Þá segir m. a. í 9. gr. fyrrgreindra laga, að ákveði ráðherra á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með aflamarki, skuli undirmálsfiski haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð og hann veginn sérstaklega. Beri skipstjóra að tryggja, að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist vigtarmönnum. Í 10. gr. laganna er kveðið á um, að öku- maður, sem flytji óveginna afla, skuli aka rakleiðis frá skipshlið að hafnarvog að undanteknum þeim tilvikum, þegar Fiskistofa hafi veitt undanþágu frá vigtun á hafnarvog, sbr. 2. mgr. 6. gr.

Telst háttsemi ákærða því réttilega heimfærð til lagaákvæða í ákæru. Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/1996 og 20. gr. laga nr. 38/1990, sbr. 27. gr. laga nr. 57/1996.

Með 27. gr. laga nr. 57/1996 var 20. gr. laga nr. 38/1990 breytt á þá lund, að refsing vegna brota sem þessara skyldi eigi vera lægri en 400.000 krónur og ekki hærri en 4.000.000 krónur „eftir eðli og umfangi brots“. Er sá refsirammí hinn sami í 23. gr. laga nr. 57/1996. Samkvæmt framansögðu og vegna þessara skýru fyrir mæla löggjafans verður ekki talið, að skilyrði séu til að færa refsingu niður úr refsilágmarki laganna.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu. Með hliðsjón af því magni, sem um ræðir, telst refsing ákærða hæfilega ákveðin 400.000 króna sekt í ríkissjóð, sem greiðist innan fjögurra vikna, en sæti ella varðhaldi í 50 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Af ákæruvalds hálfu flutti málið Sigurður Gizurarson, sýslumaður á Akranesi.

Hervör Porvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhannes Sigurður Ólafsson, greiði 400.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 50 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.
